

H A M I N G J A N E R H É R

FÖSTUDAGSMOLINN

8. - 12. MAÍ 2023



2. SÆTI Í SKÓLAHREYSTI

Við erum stolt af unglöngunum okkar sem fóru og kepptu í Skólahreysti.

Keppendur stóðu sig frábærlega og ber þar hæst árangur Fróða og Nóa sem gerðu sér lítið fyrir og sigruðu sitt hvora greinina.

Nóa vann hreystigreipina með því að hanga í heilar 13 mínútur og 50 sekúndur. Fróði sigraði dýfurnar en hann tók hvorki meira né minna en 51 dýfu. Allir krakkarnir og stuðningsmenn stóðu sig með miklum sóma. Það er greinilegt að Magnús og Sara hafa staðið vaktina í vetur af miklum metnaði.



Stuðningsmenn létu vel í sér heyra

SPURNING DAGSINS

Hvaða íþrótt finnst þér skemmtilegast að horfa á?



Jenný Þórkátla
Magnúsdóttir
Körfubolta og Grunnskóla
Húnaþings í skólahreysti.



Anna Heiða Ragnarsdóttir
Ætli það sé ekki
skautadans.



Kristinn Arnar
Benjamínsson
Ú handbolta ví ví!

Lotta



FRAMUNDAN

Mánudagur 8. maí

Matseðill: KFC fiskur (þorskur) hrísgrjón, salat og grænmeti

Þriðjudagur 9. maí

Matseðill: Sænskar kjötbollur (inniheldur svínakjöt) kartöflur, sósa, grænar baunir, rauðkál, sulta, salat og grænmeti

- Nemendaráðsfundur kl 8:20

Miðvikudagur 10. maí

Matseðill: Soðinn fiskur (ýsa) kartöflur, smjör, feiti, rúgbrauð, salat og grænmeti

- Morgunsöngur kl 8:20

Fimmtudagur 11. maí

Matseðill: Hamborgarar og franskar, salat og grænmeti

- Miðstigsleikar hjá miðstigi. Skóla lýkur kl 16:00 hjá miðstigi.

Föstudagur 12. maí

Matseðill: Chili co carne (nauta og lamb) hrísgrjón, salat og grænmeti

MÍÐSTIGSLEIKAR Á HVAMMSTANGA

11. MAÍ

Á fimmtudaginn ætlum við að bjóða öllum nemendum á miðstigi í Húna- og Höfðaskóla í heimsókn. Þau koma til okkar eftir hádegismat og fara í hópa sem fara svo í gegnum margar áhugaverðar og skemmtilegar stöðvar. Meðal annars verður í boði að fara í jóga, zumba, pílu, útieldun, blak, skólahreysti og krabbaskoðun. Þessi dagur er lengri en vanalega hjá miðstigi þar sem dagskrá lýkur kl 16:00.



ARNA OG STEINUNN KEPPA Á SAMFÉS

Arna og Steinunn keppa á Samfés á laugardaginn.

Keppnin verður í beinni útsendingu á RÚV og hefst hún klukkan 13. Er það bara ég eða eru krakkarnir okkar í beinni á RÚV oft í viku????

Koma svo stelpur!

2. BEKKUR Í VORSKAPI Í HEIMILISFRÆÐI

Það eru ekki bara fuglarnir sem gera sér hreiður á vorin heldur líka krakkarnir í 2. bekk.

Gómsæt ofnbökuð hreiður úr brauði, ost, mjólk og svo egg í miðjuna.

